



**Fjallabyggð**

**2009**

**Fræðslustefna**

**Vellíðan – Þroski – Metnaður – Árangur**

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Formáli.....	3
Leiðarljós .....	3
Framtíðarsýn .....	3
Markmið og leiðir .....	4
Velferð nemenda.....	4
Nám, kennsla og starfshættir .....	4
Tengsl heimila og skóla.....	5
Samskipti og samstarf .....	6
Umhverfi og aðbúnaður .....	6
Stjórnun og forysta.....	6

## Formáli

Bæjarráð Fjallabyggðar lagði til haustið 2007 að unnin yrði fræðslustefna fyrir sveitarfélagið. Í Fjallabyggð er grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli í hvorum byggðarkjarna, Ólafsfirði og Siglufirði. Í nóvember 2007 var skipað í vinnuhópa allra í skólasamfélaginu: fræðslunefndar, skólastjóra, kennara, foreldra og nemenda. Leitað var eftir hugmyndum þeirra og byggist stefnan á þeim, ásamt aðalnámskrá grunnskóla og nýjum leik- og grunnskólalögum. Stýrihópur um skólastefnu var myndaður og í honum sátu fræðslu- og menningarfulltrúi, formaður fræðslunefndar og þrjú fulltrúar skólastjóra, einn frá hverju skólastigi. Þróunarstjóri kom að vinnu stefnunnar á lokastigi. Ráðgjafar voru Trausti Þorsteinsson, forstöðumaður skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri og Rúnar Sigþórsson, lektor við Háskólann á Akureyri.

Fræðslustefnan var samþykkt samhljóða á fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar þann 18. mars 2009. Í henni felst viðurkenning sveitarfélagsins á mikilvægi menntamála. Markmiðið með stefnumótuninni er að stuðla að eflingu menntunar og styrkja þannig samfélagið. Framtíðarsýnin er viðmið og leiðarljós fyrir starfsemi skólanna. Á þeim grundvelli eru sett fram meginmarkmið stefnunnar í sex flokkum:

- Velferð nemenda
- Nám, kennsla og starfshættir
- Tengsl heimila og skóla
- Samskipti og samstarf
- Umhverfi og aðbúnaður
- Stjórnun og forysta.

Í hverjum flokki eru kynntar helstu leiðir sem færar eru til að ná markmiðunum.

## Leiðarljós

Velliðan – Proski – Metnaður – Árangur.

## Framtíðarsýn

Skólastarf í Fjallabyggð er metnaðarfullt, framsækið og skilvirkt og í góðum tengslum við atvinnulíf, náttúru og menningu svæðisins. Fræðslustofnanir í Fjallabyggð veita nemendum góða menntun sem nýtist þeim vel í lífi og starfi og stuðlar að þroska þeirra, árangri og velliðan. Skólastarfið er fjölbreytt og skemmtilegt og vekur áhuga á námi og þekkingaröflun. Námið er miðað við þarfir og getu hvers og eins og umburðarlyndi og víðsýni eru höfð að leiðarljósi.

Nemendum og starfsfólki er búið hvetjandi umhverfi þar sem aðbúnaður er góður og jákvæður andi ríkir. Faglegir og metnaðarfullir starfshættir gera skóla Fjallabyggðar að eftirsóknarverðum vinnustöðum fyrir gott starfsfólk.

Náið samstarf og samskipti eru á milli foreldra, starfsmanna og nemenda. Foreldrar eru vel upplýstir um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Þeir sýna námi barna sinna áhuga og taka virkan þátt í því.

## Markmið og leiðir

### Velferð nemenda

Hagsmunir nemenda skulu ávallt hafðir að leiðarljósi og þeim búið hvetjandi umhverfi þar sem þeim líður vel.

- Nemendum skal búið öruggt umhverfi. Starfsmenn skulu fá fræðslu og þjálfun í að bregðast við hættu og veita fyrstu hjálp
- Leiksvæði við leik og grunnskóla í sveitarfélaginu skulu vera fjölbreytt og hönnuð með öryggi og þarfir nemenda í huga.
- Aðgangur að sérfræðipjónustu skal tryggður og boðið upp á nauðsynleg sérúrræði í leik- og grunnskólum.
- Nemendum skal gefinn kostur á hollri máltíð á starfstíma leik- og grunnskóla.
- Jafnræðis og jafnréttis skal gætt í öllu skólastarfi.
- Gerð skal áætlun fyrir sveitarfélagið um móttöku og aðlögun nemenda með annað móðurmál en íslensku. Aðgengi þeirra og foreldra þeirra að upplýsingum um íslenskt skólakerfi skal tryggt.

Nemendur skulu hafa tækifæri til að nýta sér sköpunarkraft sinn, þroskast, afla sér þekkingar og leikni og ná árangri á eigin forsendum.

- Nemendum skal gert kleift að rækta hæfileika sína.
- Nemendum skal gefinn kostur á að hafa áhrif á ákvarðanir um nám og námsumhverfi.
- Almenn hreyfing og útvíst skal vera hluti af námskrá skólans.
- Nemendafélög skulu starfrækt og vinna meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og stuðlað skal að öflugum og heilbrigðum félagslífi nemenda.
- Börnum og unglingum skulu tryggð jöfn tækifæri til tónlistarnáms.
- Gjaldskrá skóla skal haldið í hófi.

Starfsmenn skulu veita nemendum þann stuðning sem þeir þurfa, sinna menntunar- og uppeldishlutverki sínu af fagmennsku, alúð og kostgæfni og vera vakandi fyrir aðstæðum nemenda.

- Starfsfólk skal sýna mismunandi þörfum nemenda skilning og kennsla og val á námsefni skal taka mið af getu, þroska og hæfileikum hvers og eins.
- Unnið skal eftir virkri áætlun gegn einelti, forvarnastefnu og áfallaáætlun í öllum fræðslustofnunum.
- Starfsmenn skulu ávallt gæta fyllstu þagmælsku um hagi nemenda og foreldra þeirra.

### Nám, kennsla og starfshættir

Í Fjallabyggð skulu skólar vera án aðgreiningar og jafnréttis í víðum skilningi skal gætt í skólastarfi. Áhersla skal lögð á að styrkja sjálfsmynd nemenda, efla félagsþroska, sköpunargáfu og hæfni í mannlegum samskiptum.

- Skólar skulu vera framsæknir og tengjast atvinnu, menningu, sögu og náttúru svæðisins.

- Fræðslustofnanir skulu marka sér stefnu, setja sér skýr markmið og skilgreina leiðir til að ná þeim.
- Bilið á milli skólastiga skal brúað.
- Sjálfsmat skal nýtt til að vinna kerfisbundið að umbótum í skólastarfi og sem tæki til að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf.
- Viðurkenning skal veitt fyrir góðan árangur í skólastarfi og þegar markmiðum, sem sett hafa verið, er náð.

Fjölbreytni á að ríkja í vinnubrögðum og kennsluaðferðum og kennslu skal miða að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu og leikni, öðlast skilning og móta sér skoðanir og viðhorf.

- Námsframboð og kennsla skulu vera fjölbreytt.
- Kennarar skulu setja sér metnaðarfull markmið í skipulagi skólastarfs, vinnubrögðum og kennsluháttum.
- Kennsla skal vera hæfilega krefjandi miðað við aldur, þroska og getu hvers og eins.
- Notuð skulu vönduð námsgögn sem höfða til nemenda og vekja áhuga þeirra.
- Lögð skal áhersla á fjölbreytt námsmat og fylgst skal vel með framförum og námsárangri nemenda. Niðurstöðurnar skulu nýttar markvisst til að bæta nám og kennslu.

Nemendur skulu fá tækifæri til að læra að vinna með öðrum og temja sér sjálfstæð vinnubrögð. Kennarar skulu temja sér umburðarlyndi, víðsýni og virðingu fyrir mismunandi skoðunum og aðstæðum nemenda.

- Nemendur skal kennt að bera ábyrgð á námi sínu.
- Boðið skal upp á verklegt nám ásamt bóknámi ef þess er kostur.
- Nútímatækni, á borð við tölvur og tölvusamskipti, skulu nýtt í skólastarfi.

## Tengsl heimila og skóla

Í Fjallabyggð skal lögð áhersla á sameiginlega ábyrgð foreldra og skóla og virka samvinnu í skólastarfinu. Starfsmenn og foreldrar þurfa að hafa sameiginlegan skilning á mikilvægi góðra og gagnkvæmra samskipta og tengsla til að nemendum líði vel og nái góðum árangri.

- Kennarar og aðrir starfsmenn skulu leitast við að eiga góð samskipti við foreldra og forráðamenn og taka vel á móti þeim í skólanum.
- Unnið skal að sameiginlegum markmiðum um menntun og uppeldi.
- Fræðslufulltrúi skal vera foreldrum og skólum innan handar varðandi skólastarf.
- Unnið skal að því að vekja og viðhalda áhuga foreldrar á skólastarfinu og virkja þá í félögum og ráðum skólans.
- Fjölskyldum nemenda skal gefinn kostur á stuðningi við uppeldi þeirra og menntun. Foreldrum og forráðamönnum skal gefinn kostur á fræðslu, ráðgjöf og stuðningi.
- Aðgangur að fagfólki og upplýsingum um úrræði skólans skal vera greiður.
- Starfsfólk skóla skal tryggja að alltaf liggi fyrir góðar upplýsingar um skólastarfið. Heimasíður fræðslustofnana skulu vera virkar og innihalda hagnýtar upplýsingar.
- Kennarar skulu reglulega skrá upplýsingar um stöðu nemenda, framfarir og árangur í námi og miðla upplýsingum til foreldra.

- Skólanámskrá skal endurskoðuð árlega fyrir hverja stofnun og gerð aðgengileg þeim sem hana vilja kynna sér.
- Ákvarðanir um meginþætti skólastarfsins skulu teknar á lýðræðislegan hátt og samráð haft við þá aðila sem þær hafa áhrif á.

## Samskipti og samstarf

Lögð skal áhersla á góð samskipti og samvinnu nemenda og starfsmanna í skólum Fjallabyggðar.

- Áhersla skal lögð á að skapa og viðhalda góðum og hlýlegum skólaanda.
- Unnið skal að góðum bekkjaranda og nemendum leiðbeint í samskiptum og samvinnu.
- Unnið skal að góðum tengslum skóla og skólastiga.
- Kennarar skulu deila með sér þekkingu og aðferðum með þarfir nemenda að leiðarljósi.
- Gott samstarf skal vera milli stjórnenda og starfsmanna skóla í Fjallabyggð.
- Unnið skal að góðu samstarfi við fyrirhugaðan framhaldsskóla.
- Samvinna og tenging skóla við íþrótt- og æskulýðsfélög, menningarstofnanir og atvinnulíf skal aukin.

## Umhverfi og aðbúnaður

Húsnæði og umhverfi skóla í Fjallabyggð skulu vera öruggt og vel tækjum búin hvort sem er til vinnu, náms, frístunda eða leikja.

- Nemendum og starfsfólki skal búið umhverfi sem stuðlar að vellíðan og lögð skal áhersla á að starfsmenn og nemendur hafi góða vinnuaðstöðu og aðlaðandi starfsumhverfi.
- Skólarnir skulu búnir góðum kennslutækjum og áhöldum og eðlileg endurnýjun þeirra skal tryggð.
- Skólar í Fjallabyggð skulu vera hlýlegir og vistlegir.
- Húsnæði og útileiksvæði skulu taka mið af þeirri starfsemi sem þar fer fram og hönnuð með þarfir og aðgengi nemenda og starfsmanna í huga.

## Stjórnun og forysta

Stjórnendur skulu hafa góða yfirsýn yfir skólastarfið og vera leiðandi í samvinnu, skólamenningu og jákvæðum skólaanda.

- Stjórnendur skulu sýna gott fordæmi, öðrum starfsmönnum til eftirbreytni.
- Skólastjórnendur skulu sýna starfsfólki sínu stuðning í starfi og tileinka sér lýðræðislega stjórnunarhætti. Þeir skulu þó vera óhræddir við að taka ákvarðanir og taka á vandamálum þegar á þarf að halda.
- Hvatt skal til faglegrar umræðu starfsmanna um nám og kennslu.

Unnið skal eftir skýrri og vel kynntri starfsáætlun, stefnu og sameiginlegri sýn á markmiðum skólastarfs. Unnið skal að því að starfsmenn séu ánægðir, öruggir og líði vel í starfi.

- Starfsmönnum skal gefið færi á að taka þátt í mótun starfs og stefnu skólanna. Þeir skulu taka þátt í gerð skólanámskrár, áætlana og sjálfsmati.
- Unnið skal eftir starfsmannastefnu sveitarfélagsins.

- Sjálfsmat skal nýtt til að vinna kerfisbundið að umbótum í skólastarfi og sem tæki til að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf.
- Skólareglur eiga að vera skýrar, skráðar og sanngjarnar og þeim skal framfylgt.
- Stjórnendur skulu skipuleggja öfluga endurmenntun starfsmanna og hvetja þá til menntunar.
- Markvisst skal stutt við nýliða í starfi með handleiðslu, fræðslu og leiðsögn.

Fræðslustefna þessi var samþykkt á 36. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar, þriðjudaginn 17. mars 2009.